

Bæjarráð Garðabæjar
Garðabæ

Garðabæ, 13. júlí 2017


Efni: umsókn um endurnýjun samnings um æskulýðsstarf Garðasóknar

Æskulýðsstarf á vegum Garðasóknar hefur vaxið og eflst ár frá ári og æ fleiri börn og unglingar stunda starfið. Það er sannfæring okkar hér í sókninni að ein meginástæða þess hversu vel hefur tekist til með starfið sé sú að við höfum notið þess að hafa afbrigðs leiðtoga á öllum sviðum starfsins. Á síðustu tveimur árum höfum við fjölgað leiðtogum og aukið tónlistarstarf með börnum og unglingum, fyrir utan sumarnámskeið fyrir börn sem er nýr þáttur í safnaðarstarfinu.

Þjónustusamningur um æskulýðsstarf milli Garðabæjar og Garðasóknar sem verið hefur í gildi frá og með árinu 2007 rennur út í lok þessa árs. Við mundum gjarnan vilja kynna starfið fyrir fulltrúum Garðabæjar með þessari skýrslu og óska eftir hækkun á framlögum til æskulýðsstarfs Vídalínskirkju.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Garðasóknar


Jóna Hrönn Bolladóttir
sóknarprestur


Magnú E. Kristjánsson
formaður sóknarnefndar